



Innramatsskýrsla
Fjölbrautaskóla Suðurnesja
Skólaárið 2012-2013

Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Haut 2013

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Tölulegar upplýsingar	3
Nýbreytni	3
Matsnefnd	4
Áherslur í skólasamningi.....	5
Lokaorð.....	7

Inngangur

Eftirfarandi er stutt úttekt á starfsemi Fjölbrautaskóla Suðurnesja og hvernig gekk að ná þeim markmiðum sem skólinn setti sér. Ítarlegri og nákvæmari skýrsla um starfsemi skólans er að finna á heimasíðu okkar undir heitinu „Skólaskýrsla FS fyrir 2012 – 2013“ slóðin er:

<http://www.fss.is/media/skolinn/skyrslur/Skolaskyrsla2012-2013.pdf>

Tölulegar upplýsingar

Nemendur í skólanum á haustönn 2012 voru álíka margir og árið áður eða rúmlega 1100 í dagskóla. Auk þess stunduðu 98 nemendur grunnskólanna á svæðinu nám í þremur áföngum. Nám í kvöldskóla var hins vegar lagt niður vegna sparnaðar. Nokkur fækkun nemenda varð milli anna eins og alltaf gerist en um eitt þúsund og fimmtíu nemendur hófu nám á vorönn 2013. Fjöldi grunnskólanemenda var óbreyttur enda eru áfangar sem þeir taka kenndir á heilu ári í stað einnar annar. Fjöldi starfsmanna þessar tvær annir var 98 (H12) og 96 (V13). Þar af voru kennarar 85 (H12) og 83 (V13).

Nýbreytni

Fjölbrautaskóli Suðurnesja hefur um árabil verið í samstarfi við FSu og FVa og hélt það samstarf áfram þetta skólaár. Haldinn var sameiginlegur fundur allra starfsmanna þessara þriggja skóla í janúar þar sem meðal annars var rætt um námskrárgerð og hlýtt á fyrirlestur um sjálfbærni.

Breyting var gerð á stoðkerfinu í þá veru að nemendur í hægferðum (102) og á almennri braut (193) í kjarnaföngum (íslensku, ensku, dönsku og stærðfræði) voru settir í skyldustöð sem felur í sér að þeir mæta aðra hvora viku í einn aukakennslutíma í viðkomandi fagi. Annars er nemendum í sjálfsvald sett hvenær þeir mæta í stoð og hve oft en með þessari breytingu var ætlunin að koma til móts við þá nemendur sem þurfa meiri kennslu.

Þann 11. mars var bryddað upp á þeirri nýbreytni að bjóða nemendum tíunda bekkjar og foreldrum þeirra í heimsókn í skólann. Opið hús var frá kl. 17:00 til 19:00. Kennarar, stjórnendur og námsráðgjafar kynntu námið og svöruðu spurningum gesta. Nemendafélagið kynnti sína starfsemi og þá gafst gestum tækifæri til að ganga um skólann og skoða aðstöðuna. Þessi tilraun tókst mjög vel og fjöldi gesta leit við og kynnti sér skólann og námsframboð.

Á vorönn var farið af stað með afreksíþróttalínu í knattspyrnu. Afreksíþróttalína skólans er fyrir nemendur sem vilja stunda sína íþrótt með álagi afreksíþróttamanna, samhliða krefjandi bóknámi. Hópurinn hittist fyrst á morgnana fjóra daga vikunnar en byrjar svo í hefðbundnum kennslustundum kl. 10:00. Afreksíþróttalínan verður áfram í boði og vonandi í fleiri íþróttagreinum.

Í febrúar var könnun til að skima fyrir brottfalli lögð fyrir nemendur á fyrsta ári. Þessi könnun, sem var á vegum menntamálaráðneytisins, var lögð fyrir í þremur framhaldsskólum í tilraunaskyni. Námsráðgjafar kölluðu síðan til þá nemendur sem voru samkvæmt könnuninni í mestri brottfallshættu og ræddu málin við þá.

Nemendur skólans tóku þátt í mörgum keppnum á skólaárinu og var árangurinn í mörgum þeirra mjög góður. Skólinn sigraði til dæmis í Lífshlaupinu í flokki stærstu skólanna, varð í 5. sæti í Boxinu, sem er framkvæmdakeppni framhaldsskólanna og unnu tvenn verðlaun í Snilldarlausnum Marels. Bæði aðalverðlaunin, Skaparann, og verðlaun fyrir þá hugmynd sem þótti líklegust til að fara í framleiðslu. Einnig átti skólinn nemendur meðal efstu manna í stærðfræðikeppni framhaldsskólanna og þýskuþrautinni.

Matsnefnd

(skýrsla í heild í skólaskýrslunni)

Unnið var samkvæmt sjálfsmatshring sem gildir til vorsins 2014.

Helstu verkefni á haustönn 2012 voru:

1. Kennslumat þar sem u.þ.b. fjórðungur kennara er metinn. Könnun á kennslu og kennsluháttum var lögð fyrir eins og gert er á hverri önn og starfsmannaviðtöl fóru fram í kjölfarið.
2. Könnun á viðhorfi nemenda til mötuneytis skólans haustið 2012
3. Mat á einkunnadreifingu og brottfalli í áföngum
4. Eignastaða tekin út.

Könnun um viðhorf nemenda til Mötuneytisins. Úrbótaáætlun

- Nemendur benda á að með heilsuátakinu hafi óhollu vörurnar verið fjarlægðar en lítið komið í staðinn. Það mætti auka úrval á „heilsuvörum“ svo sem orkustöngum og heilsuþitum.
- Þá mætti bæta umgengni og þrífnað í kringum samlokugrill nemenda í matsal með því að hafa tæki til þrifa við hliðina á grillinu og skapa starfsþjálfunartækifæri fyrir nemendur/nemendafélagið við að halda grillinu hreinu.
- Nemendur kvarta yfir verði á matvælum. Þar mætti koma á móts við þau með því að hafa „tilboð“ t.d vikulega eða reglulega á vörum eins og samloku og drykk eða ávaxtabakka og drykk.

Helstu verkefni á vorönn 2013 voru:

1. Kennslumat. Könnun á kennslu og kennsluháttum var lögð fyrir líkt og önnina áður og starfsmannaviðtöl fóru fram í kjölfarið. Kennslumat var lagt fyrir hjá 18 kennurum þessa önn og í kjölfarið fara fram starfsmannaviðtöl.
2. Sameiginleg könnun á verkefninu Heilsueflandi skóli með FSu og FVA. Í samvinnu við Fjölbautaskólann á Akranesi og Fjölbautaskóla Suðurlands var lögð fyrir nemendur könnun

varðandi hreyfingu og geðrækt. Tengist þessi könnun verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli og var að þessu sinni spurt um geðvernd og lífsstíl. Skýrsla um þessa könnun er gerð í FVA.

3. Að þessu sinni var lögð fyrir nemendur í kjarnagreinum könnun er sneri að líðan þeirra í skólanum og var tilgangurinn að skima fyrir áhættuþáttum er tengjast brottfalli.
4. Mat á einkunnadreifingu og brottfalli í áföngum
5. Eignastaða tekin út.

Könnun á líðan nemenda í grunnáföngum. Úrbótaáætlun

Þar sem könnun af þessu tagi hefur ekki verið gerð í Fjölbrotaskóla Suðurnesja áður er samburður við fyrri niðurstöður ekki mögulegur.

- Nemendum virðist í heildina líða vel í skólanum. Þó langar 20% til að hætta í skólanum en ekki var spurt af hverju það stafaði. Það væri áhugavert að afla nánari upplýsinga um ástæður þessa í næstu könnun.
- Margir vilja skipta um skóla. Það væri áhugavert að fá nánari upplýsingar um ástæður þess í næstu könnun svo hægt sé að bregðast við.
- Um tíundi hluti nemenda segist hafa orðið vitni að einelti í skólanum. Gera þarf áætlun skólans um viðbrögð við einelti sýnilegri og ef til vill þarf að kynna hana betur fyrir nemendum svo þeir viti hvert þeir geti snúið sér ef þeir verða vitni að eða þolendur eineltis.
- Ríflega fimmtungur nemenda tekur ekki afstöðu til þess hvort aðgangur að námsráðgjöfum er góður. Það getur gefið til kynna að nemendur þekki ekki nægilega vel til þjónustu námsráðgjafa. Bæta má úr því með því að námsráðgjafar heimsæki nemendur í kennslustundir og kynni sig og þjónustu sína betur.

Áherslur í skólasamningi

Í A hluta viðauka skólasamningsins voru sett ákveðin mælanleg markmið.

- a. Markmiðið er að meðaltal spurninganna verði aldrei undir 4,0. Einnig verður stuðst við sjálfsmat kennara.
- b. Hrós og umbun fyrir vel unnin störf nemenda. Markmiðið er að meðaltal úr kennslumati (spurningar 13 og 14) fari ekki undir 3,8.
- c. Stuðla að því að nemendum líði vel í skólanum. Markmiðið er að meðaltal úr kennslumati (spurning 17) fari ekki undir 4,25.

	haust 2012	vor 2013	viðmið
Kennslumat almennt	4,20	4,15	4
Hvatningin	3,91	3,80	3,8
Hrósið	4,05	3,90	3,8
Líðanin	4,38	4,37	4,25
Brottfall	11,9%	10,2%	

Niðurstöður kennslumatsins sýna að markmið hafa náðst hvað varðar frammistöðu kennara og gæði kennslu. Meðaltal spurninganna eru 4,20 fyrir haustönn 2012 en er eilítið lægra fyrir vorönnina eða 4,15 en samt yfir viðmiðinu. Markmiðið er að meðaltalið fari aldrei undir 4.

Þegar spurt er um jákvætt og hvetjandi andrúmsloft í skólanum þá kemur í ljós að hvatningin hefur verið rétt yfir viðmiðunarmörkum á haustönninni því meðaltalið er 3,91 en viðmiðið er 3,8. Hrósið er 4,05, sem er sömuleiðis viðunandi og vel yfir mörkum. Það er hins vegar umhugsunarefni af hverju hrósið og hvatningin mælast lægri á vorönninni og hvatningin alveg við viðmiðunarmörkin eins og taflan sýnir. Þegar líðan nemenda er metin út frá kennslumatinu (sp. 17) þá er hún nokkuð yfir viðmiðunarmörkum 4,38 (4,25) á haustönninni og nánast sú sama á vorönninni eða 4,37. Þetta eru nokkuð jákvæðar niðurstöður því niðurstaðan varðandi líðan nemenda var mun slakari á vorönninni í fyrra. Heilt á litið kemur matið fyrir báðar annir betur út en á síðasta skólaári.

2. Áhersla verður lögð á að þróa skólanámskrá í samræmi við aðalnámskrá frá 2011.
 - a. Starfsnámsbrautir verði orðnar 5 haustið 2014. „Smiðjur“ verði á sama tíma a.m.k. þrjár.
 - b. Þrjár starfsnámsbrautir ásamt tilheyrandi áföngum verði komnar í námskrárgrunn haustið 2013.
 - c. Starfsbraut, fyrir nemendur með sértæka námsörðugleika, verði komin í grunninn haustið 2013.
 - d. Skilgreina almennt tækninám með námslok á fyrsta þrepi á vorönn 2013.

Búið er að þróa fimm starfsnámsbrautir og tvær smiðjur en ekki er búið að setja þær í námskrárgrunninn. Búið er að ráða verkefnastjóra í námskrárvinnuna og gert er ráð fyrir að verkefnið fari af stað á þessari önn. Þróunarstyrkur fékkst til að útfæra starfsbraut og gert ráð fyrir að því verði lokið næsta vor. Búið er að þróa og útfæra AT brautina í samstarfi við FSu og FVA og unnið er að því að setja hana inn í grunninn.

3. Draga úr brottfalli
 - a. Lækka brottfall þannig að í lok samningstímans hafi það lækkað um 1 – 1,5 prósentustig (10% og 6%).
 - b. Á haustönn 2015 verði 80% kennara skólans virkir þátttakendur í kennslukerfinu MOODLE. Á haustönn 2012 var þetta hlutfall 52%.

Athygli vekur að haustönnin kemur yfirleitt betur út en vorönnin á öllum mælipáttum ef brottfallið er undanskilið (sbr. töfluna hér að ofan). Ef miðað er við þá sem voru skráðir í áfanga í upphafi haustannar en skiluðu sér svo ekki í próf þá er brottfallið nokkuð mikið eða 11,9%. Í þessum tölum eru þeir sem skráðu sig í nám í upphafi en fengu síðan ekki lokamat í viðkomandi áfanga. Þeir hafa því sagt sig úr áfanga eftir að frestur til þess var liðinn, hætt eða ekki mætt í próf. Það verður að teljast brottfall því ekki er greitt fyrir þessa nemendur. Þó er búið að gera ráð fyrir þeim í allri skipulagningu og þeir fengið kennslu, stundum stóran hluta annarinnar. Töluverð vinna hefur verið lögð á að skoða hver ástæðan er og hvað sé eðlilegt að miða við í þessu sambandi. Brottfallið á haustönn 2012 var 11,9% en nokkuð lægra á vorönn 2013 en þá var það 10,3%. Betur má ef duga skal og enn er nokkuð í land með að ná markmiðum sem búið er að setja. Margra leiða hefur verið leitað til að draga úr brottfalli og vonandi næst sá árangur sem stefnt er að. Eflaust eru margar skýringar á því af hverju brottfallið er svo mikið, sérstaklega þegar haft er í huga að atvinnuleysi er mikið á svæðinu.

Hluti af skýringunni er að margir nemendur hafa verið teknir inn í gegnum verkefnið „Nám er vinnandi vegur“. Í þeim hópi eru margir sem hafa ekki verið í skóla lengi og hafa ekki gert upp við sig hvert þeir stefna í námi. Þessum nemendum reynist oft erfitt að hefja aftur nám eftir langt hlé. (Sjá skýrslu um NVV í skólaskýrslunni).

Brugðist hefur verið við miklu brottfalli með brottfallsskimuninni sem áður var nefnd og með því að auka utanumhald með nemendum, stokka upp kennsluhætti og fjölga námsúrræðum (starfsnámsbrautum) auk annarra úrræða. Vonast er til þess að þessar aðgerðir skili árangri en forgangsmál að minnka brottfall eins og mögulegt er.

Fjöldi kennara sem er virkur á Moodle hefur aukist svo þar erum við á réttri leið. Virkir kennarar á Moodle núna eru 65% af heildarkennarahópnum.

4. Auka samstarf og samvinnu við menntastofnanir á svæðinu sem og fyrirtæki og sveitarfélög
 - a. Gera samstarfssamning við Fisktækniskólann fyrir haustönn 2013.
 - b. Auka samskipti og tengsl við stjórnendur og fagkennara í grunnskólum með því að útbúa fastan samstarfsgrundvöll með a.m.k. einum fundi á önn.
 - c. Auka samstarf og samvinnu við MSS og Keili með tveimur fundum á ári. Fyrsti fundur verði á vorönn 2013.

Síðastliðið vor var ráðgert að gera samstarfssamning við Fisktækniskóla Íslands fyrir tilstuðlan ráðuneytisins. Þar breyttust aðstæður og Fisktækniskólinn hefur framlengt starfssamning sinn við ráðuneytið sem er jákvætt.

Síðastliðið haust fóru skólameistari og aðstoðarskólameistari á fund um skólastefnu Reykjanesbæjar. Á þessum fundi voru fulltrúar skólaskrifstofu Reykjanesbæjar, skólastjórar og aðstoðarskólastjórar allra grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla í Reykjanesbæ, Sandgerði og Garði. Einnig voru fulltrúar Grindavíkur á þessum fundi. Markmiðið var að vinna að skólastefnu fyrir svæðið. Í framhaldinu var síðan fundað með öllum skólastjórnendum grunnskóla á svæðinu um niðurstöðu prófa í skólanum á haustönn og árangur nemenda hvers grunnskóla í þeim prófum. Markmiðið með þessu samstarfi er að stuðla að því að nemendur raðist sem réttast í áfanga í framhaldsskóla. Í maí var síðan fundur með fagkennurum allra skólanna á svæðinu. Kennarar í stærðfræði, íslensku, ensku og dönsku í efstu bekkjum grunnskólanna hittu viðkomandi fagkennara úr Fjölbautaskólanum þar sem farið var yfir áherslur og efni í viðkomandi áföngum. Með þessu er verið að efla tengslin við grunnskólana á svæðinu og auka skilning og þekkingu á því sem verið er að gera á hvoru skólastigi.

Á síðustu haustönn (2012) var haldinn fundur með stjórnendum Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum og Keilis þar sem farið var yfir með hvaða hætti þessar stofnanir gætu unnið saman. Afrakstur þess fundar var m.a. ráðstefna um vendikennslu sem þessar stofnanir stóðu saman að síðastliðið vor.

Hin tímabundnu verkefni í B-hlutanum hafa öll gengið eftir nema þátttaka skólans í verkefni á vegum Vinnumálastofnunar. Þetta verkefni datt upp fyrir þar sem IPA-styrkur til þess féll niður.

Lokaorð

Síðastliðið skólaár þrengdist mjög að rekstri skólans. Nú er svo komið að sá uppsafnaði afgangur sem til var er uppurinn. Hann var notaður til að bjóða sem flestum nemendum svæðisins upp á nám við hæfi. Skólanum hefur til þessa tekist að vera innan heimilda fjárlaga en nú er því miður óvíst að það takist.

Enn er beðið eftir leiðréttingu á hækkun fyrir hvert ígildi sem var vanáætluð 2011. Þær umleitanir hafa staðið frá því í vor 2011 en því miður ekki borið neinn árangur. Rétt er að taka fram að uppbót

eða leiðrétting fékkst fyrir vangreidd ígildi sem af þessu leiddi. Hins vegar er mjög brýnt að fá leiðréttingu á upphæð hvers ígildis til að tryggja eðlilegan rekstrargrundvöll skólans.

Nánar má lesa um einstaka þætti þjónustunnar og annað í skólastarfinu í skólaskýrslunni sem er á heimasíðu skólans. Þar er meðal annars að finna skýrslur allra sviða, bókasafns, nemendafélagsins og þeirra starfsmanna sem gegna sérstörfum.